



## Lög Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands

### 1. grein

Félagið heitir Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands, KPÍ

### 2. grein

Félagið er félag knattspyrnuþjálfara á Íslandi með eigin fjárhag og lög.

### 3. grein

Markmið og tilgangur félagsins skulu vera:

- að sameina alla knattspyrnuþjálfara í eitt félag
- að vinna að hagsmunamálum knattspyrnuþjálfara í hvívetna
- að auka áhuga á knattspyrnuþjálfun
- að stuðla að því að allir þeir sem starfa við þjálfun, hafi hlotið undirstöðumenntun í knattspyrnuþjálfun
- að auka menntun þeirra, er starfa að tilsögn og þjálfun í knattspyrnu
- að kappkosta að eiga sem best samstarf við KSÍ og alla þá sem vinna að eflingu og útbreiðslu knattspyrnunnar
- að koma á og viðhalda samskiptum við knattspyrnuþjálfarafélög erlendis

### 4. grein

Markmiðum sínum skal félagið m.a. ná með því að:  
halda skrá yfir alla félagsmenn og innheimta árgjald  
veita þjálfurum aðstoð og ráðgjöf í hagsmunamálum  
halda fræðslufundi og ráðstefnur um knattspyrnuþjálfun  
gera kröfur um lágmarksmenntun fyrir aðild að félaginu

### 5. grein

Innganga í félagið skal öllum heimil sem starfa við eða hafa starfað við knattspyrnuþjálfun. Félagar verða fullgildir meðlimir þegar þeir hafa greitt árgjald til félagsins. Félagsmenn þurfa að hafa lokið tveimur fyrstu námskeiðsstigum KSÍ fyrir knattspyrnuþjálfara, eða sambærilegri menntun, innan tveggja ára frá inngöngu í félagið. Hafi þeir ekki lokið þessu námi innan tiltekins frests, missa þeir rétt til aðildar að KPÍ.

### 6. grein

Árgjöld félagsmanna skulu ákveðin á aðalfundi hverju sinni. Aðeins skuldlausir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Þeir sem ekki hafa greitt árgjald innan sex mánaða frá innheimtu þess, teljast ekki lengur til félaga í KPÍ.



## 7. grein

Stjórn félagsins skipa fimm menn: formaður og fjórir meðstjórnendur. Í varastjórn skal kjósa tvo menn. Meðstjórnendur skipta þannig með sér verkum: varaformaður, gjaldkeri, ritari og spjaldskrárritari. Formaður skal jafnan kosinn til tveggja ára í senn. Aðra stjórnarmenn skal einnig kjósa til tveggja ára og skal ár hvert kjósa tvo þeirra. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum en þó skal formaður kosinn sérstakri kosningu, sbr. 10. gr.

## 8. grein

Stjórnarfundir boðar formaður, þegar hann eða meirihluti stjórnar telur nauðsynlegt. Ákvarðanir stjórnar öðlast gildi með einföldum meirihluta.

## 9. grein

Aðalfund félagsins skal halda árlega á tímabilinu frá 15. september til 31. desember. Auglýsa skal aðalfund með tveggja vikna fyrirvara í fjölmiðlum. Reikningsár KÞÍ er starfsárið. Rétt til setu á aðalfundi, auk félagsmanna, eiga stjórn og varastjórn KSÍ, fræðslunefnd KSÍ og framkvæmdastjóri KSÍ. Hafa þessir aðilar málfrelsi og tillögurétt.

## 10. grein

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning formanns, meðstjórnenda og varamanna, skv. ákvæðum 7. greinar.
7. Kosning tveggja endurskoðenda.
8. Ákvörðun um árgjald skv. 6. grein.
9. Önnur mál.
10. Fundi slitið.

## 11. grein

- a) breytingar á lögum þessum má aðeins gera á aðalfundi og þurfa 3/4 fundarmanna að greiða þeim atkvæði
- b) tillaga um að leggja KÞÍ niður hlýtur ekki endanlega afgreiðslu fyrr en á framhaldsaðalfundi og þurfa 3/4 hlutar fundarmanna að greiða tillögunni atkvæði
- c) framhaldsaðalfundur skal vera auglýstur með einnar viku fyrirvara
- d) verði félagið lagt niður afhendast gögn og sjóður þess Knattspyrnusambandi Íslands

## 12. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.